

Inngangur

Hlý sumargolan leikur um andlit hennar. Hún gengur berfætt yfir grasflötina, létt á fæti eins og fjöður. Grasið er rakt af morgundögginni, einhvers staðar í garðinum syngur svartþröstur og í líkama sínum finnur hún gleði sem hún hefur ekki fundið svo óralengi.

»Ég er,« segir hún við sjálfa sig án þess að skilja fyllilega hvers vegna. Svo brosir hún og segir það aftur vegna þess að það hljómar notalega. »Ég er.«

Í farska heyrir hún hljóð. Eins og hamri sé barið í tréplötu. Hún lítur í kringum sig. Enginn er sjáanlegur. Þarna heyrir það aftur. Nær. Hún finnur fyrir ótta, finnur hvernig hljóðið grípur um hana og býr til spennu. Hún reynir að berjast á móti, smám saman leysist myndin af garðinum upp, hún fálmar eftir henni en nær ekki taki. Í hægum snúningi svífur hún upp á við í gegnum köld efstu lögin sem liggja á milli draums og veruleika þar til hún vaknar með andfælum.

Hún galopnar augun og starir út í myrkrið. Hjartað hamast. Er eitthvað þarna? Hún hlustar. Ekkert hljóð nema mjúkur hvinurinn frá vindinum sem vaggar nöktum greinum trésins á bæjarhlaðinu.

Þarna er það aftur. Þrjú harkaleg högg. Skyndilega rennur upp fyrir henni hvað þetta er. Einhver er að berja að dyrum.

Hljóðið er framandi. Í þessi fjögur ár sem þau hafa búið í húsinu hefur hún örsjaldan heyrt í dyrahamrinum vegna þess að venjulega heimsækir þau enginn. Einu sinni áttu þau vini en ekki lengur. Hún snýr höfðinu. Grænu tölurnar á útvarpsklukkunni sýna 04:16.

Hverjum dettur í hug að birtast á þessum tíma sólarhrings? hugsar hún. Lögreglunni? Hún veit vel að einu sinni voru þeir að fylgjast með honum, en ekki síðustu árin. En hver þá? Rán?

En myndu ræningjar berja að dyrum?

Hún teygir út hönd sína og hristir mann sinn. Hann snýr í hana baki og sefur djúpum svefni, hún heyrir það á hrotum hans. Hún hristir hann aftur, harkalegar.

»Hvað?« segir hann svefndrúkkinn.

»Það er einhver að banka. Þú verður að vakna,« segir hún og getur ekki leynt pirringi sínum.

Með erfiðismunum snýr hann sér við, reisir fyrirferðarmikinn skrokkinn upp til háls og hvílir á olnbogunum.

»Banka? Hvað ertu að tala um?«

Hann er varla vaknaður og orðin koma þvogluleg úr munni hans en hún skynjar líka óróleika í rödd hans, jafnvel ótta. Hún hristir höfuðið áhyggjufull. Hvað er að gerast?

»Það er verið að banka á dyrnar. Farðu nú fram og opnaðu.« Rödd hennar brestur.

Hann andvarpar, sveiflar löppum sínum fram yfir rúmstokkinn og fer fram úr. Eitt andartak stendur hann og vaggar örlítið. Svo nær hann jafnvæginu og gengur þungum skrefum fram í forstofu. Lokar dyrunum á eftir sér.

Hún heyrir hann snúa lyklinum í lásnum og taka í hurðarhúninn. Svo er hurðinni hrint harkalega upp. Einhver segir eitthvað en hún heyrir ekki orðaskil. Það hljómar eins og einhver grípi í hann, ýti honum aftur á bak og keyri hann harkalega upp að veggnum. Hann stynur af sársauka.

Eitt andartak er hún sem lömuð. Svo finnur hún ofsahræðslu hellast yfir sig. Húsið þeirra er afskekkt hérna við skóginn. Næsti nágranni, sem hún hefur aldrei talað við, býr í mörg hundruð metra fjarlægð. Og það er gömul kona þannig að varla væri mikil hjálp í henni.

Hundarnir, hugsar hún. Hundarnir!

Hún rykkir upp náttborðsskúffunni og rótar í henni í leit að piparúðanum. Svo kastar hún sænginni af sér, stekkur fram

úr rúminu og opnar varlega svefnherbergisdýrnar inn í stofu. Leiðin er greið. Hún læðist að dýrunum út á pallinn eins hratt og hljóðlega og 103 kílóa þungur skrokkur hennar leyfir.

Hún snýr hurðarhúninum næstum hljóðlaust, opnar dýrnar og hleypur út á pallinn í átt að hundagerðinu. Tekur varla eftir nístandi kuldanum og ísköldum smásteinum sem skerast inn í berar iljar hennar.

Hundarnir tveir, stórir og vöðvasteltir, koma í loftköstum út úr hundakofanum og byrja að gelta eins og vitlausir þegar þeir sjá hana. Þeir hafa alltaf verið hans og bara hans og hún er hrædd við þá. En nú verður að sleppa þeim. Nú verða hundarnir að bjarga þeim báðum. Frostið hefur kælt lásinn svo að málmurinn er eins og beittur hnífur þegar hún fálmar skjálfhent með svefnvolgum fingrum sínum og reynir að opna án þess að missa piparúðann. Hundarnir stökkva eftirvæntingarfullir, geltandi og froðufellandi upp eftir hliðinu. Hún togar í hliðið og stígur til hliðar til að gefa dýrunum pláss. Finnur léttinn flæða um sig.

En áður en henni tekst að opna til fulls er gripið í hana.

Hún öskrar. Henni finnst eins og upphandleggir hennar séu klemmdir í tveimur skrúfupvingum. Áður en hún áttar sig almennilega á sársaukanum frá fingrum, sem bora sig inn í hold hennar, er hún keyrð upp að lúgunni. Stálnetið sker sig inn í enni hennar og kinnar, hundarnir hinum megin við girðinguna stökkva á hana og urra sem óðir séu. Hún finnur væmna rándýrslyktina úr andardrætti þeirra, þar sem þeir dansa á afturfótunum og ráðast dýrvitlausir á hliðið og klóra hana í framan með klónum, rífa gat á náttkjólinn.

Maðurinn þrýstir líkama sínum að henni og ýtir til að hundarnir sleppi ekki út. Hann þarf að beita afli því hundarnir eru sterkir, og þeir eru tveir. Loftið þrýstist út úr lungum hennar og hún reynir að ná andanum. Hana sviður í andlitið og brjóstið og hún kjökrar máttlaust þegar hún sér út undan sér að honum hefur tekist að loka lásnum með annarri hendi og halda henni með hinni, eins og hún væri tuskudúkka.

Svo þrífur hann hana frá hliðinu og hrindir henni harkalega í jörðina. Hún skellur með gagnaugað á ískalda stéttina og missir meðvitund stutta stund.

Þegar hún rankar við sér er hann búinn að snúa henni þannig að hún liggur á maganum. Piparúðinn, hugsar hún og fálmar skjálfhent á jörðinni eftir honum. Hún nær taki á hálum brúsanum en þá er stigið ofan á handlegg hennar og hún stynur af sársauka þegar hann stígur fastar niður. Svo finnur hún að tekið er þétt um báða úlnliði hennar og hún hífð upp. Hún reynir allt hvað af tekur að ná fótfestu til að þungi hennar hvíli ekki allur á klemmdum handleggjum hennar og öxlum, en þrúgandi verkur breiðist engu að síður út í alla liði.

Hún er enn vönkuð. Klórað andlitið logar af sársauka. Maðurinn ýtir henni á undan sér að palldyrunum og inn í stofu. Hún sér mann sinn sitja á stól við borðstofuborðið. Nokkrum metrum frá honum stendur maður og miðar skammbyssu á hann.

Hvað geta þeir viljað? Hún reynir að sefa hugann. Kannski er þetta bara rán. Kannski vilja þeir bara peninga. Skartgripi. Sjónvarpið og tölvurnar.

Hún er neydd niður á magann. Sá sem yfirbugaði hana gengur að tösku sem stendur við dyrnar fram í forstofu. Hún snýr höfði sínu með erfðismunum og lítur á hann. Hún hefur haft það á tilfinningunni, og nú sér hún það: Hann er risavaxinn.

Hann sækir eitthvað í töskuna og snýr til baka með límbandsrúllu í hendi. Krýpur við hlið hennar og tekur í handleggji hennar, setur þá aftur fyrir bak og teipar þá saman. Því næst gerir hann hið sama við ökkllana. Svo tekur hann í lappir hennar og dregur hana eftir gólfteppinu yfir í hinn enda stofunnar eins og hún sé hálffullur kartöflupoki.

Hún skelfur öll vegna áfallsins, kuldans, óttans og óvissunnar um það hvað gerist. Tárin renna niður kinnar hennar. Hana sviður undan þeim í sárunum eftir hundaklærnar. Maðurinn tekur límbandsrúlluna upp af gólfinu, gengur yfir til hennar,

bítur nýjan bít af rúllunni og beygir sig yfir höfuð hennar. Hún skynjar hvað hann ætlar að gera. Hjarta hennar hamast.

»Nei,« grátbiður hún. »Ég er með stíflað nef, ég get ekki andað. Ég kafna. Ég ... þú mátt ekki ...«

Hann lítur sviplaust á hana. Svo leggur hann bítinn rólega yfir munn hennar og rífur því næst lengri bít af rúllunni og setur yfir fyrri bítinn og vefur svo tvisvar um höfuð hennar.

Hún reynir af öllum mætti að bægja frá ofsahræðslu. Nái hún ekki stjórn á öndun sinni deyr hún fljótlega. Önnur nösín er algerlega stífluð og með hinni sogar hún eins mikið loft ofan í lungu og hún getur.

Augu hennar eru að venjast myrkrinu. Maðurinn með skammbyssuna er sestur í sófann. Sá stóri er byrjaður að teipa manninn hennar fastan við stólinn. Augu hans eru uppgleennt og glampa eins og endurskinsmerki í myrkrinu.

»Hvað höfum við gert?« kjökrar hann.

»Við?« Röddin er dimm og tónmikil. »Við höfum ekki gert neitt. Varst það ekki þú sem gerðir eitthvað?«

»Á ég ... á ég þá ...« Maðurinn hennar er farinn að gráta.

Hún finnur ofsahræðsluna aftur taka öll völd. Slímhimnan í nösinni sem ekki er stífluð byrjar að bóligna og í örvæntingu sogar hún að sér loft. Hún heyrir hundana gelta, en ekki eins ofsalega og fyrr.

»Áttu að gera hvað? Deyja?« Hann stígur nokkur skref aftur á bak og virðir fyrir sér verk sitt. »Hvað heldur þú?«

Hinn maðurinn er staðinn upp úr sófanum og réttir eitthvað fram. Er þetta einhvers konar prik? Sá stóri tekur við því. Vegur það í höndum sínum. Maður hennar hóstar og stynur eins og hann sé með astma. Óttatilfinningin í maga hennar magnast æ.

»Og konan mín?«

Sá stóri gengur að henni. Hann tekur sér stöðu svo nálægt henni að hún sér ekki framan í hann heldur aðeins neðsta hluta fótleggjar hans. Hann styður sig við það sem hún sér nú að er ekki prik heldur járnror. Járníð er svart í myrkrinu fyrir utan fimm ljós strík sem eru eins og þau hafi verið gerð með járnsgög,

neðst á rörinu, beint fyrir framan hana. Eins og sigurtákn á byssuskefti hjá leyniskyttu.

»Hún hefur ekki ... hún hefur ekkert gert,« stamar maður hennar. »Er það nokkuð?«

Stóri maðurinn stendur grafkyrr. Heila eilífð að henni finnst. Hún er svo skelfingu lostin að hún missir stjórn á þvagblöðrunni og finnur volgt þvagið renna eftir lærinu.

Maðurinn snýr sér og fer aftur að borðinu. Hann virðir fyrir sér járn Rörið og strýkur hendinni eftir því.

»Það snýst ekki bara um hvað maður hefur gert heldur líka hver maður er. Hvað maður er.«

Hann slær rörinu nokkrum sinnum létt í lófann. Svo tekur hann sér stöðu fyrir aftan manninn hennar sem reynir í ofboði að snúa höfði sínu til að sjá hvað er að gerast fyrir aftan hann, en getur það ekki því að búkur hans er teipaður fastur við stólbakið og hann getur aðeins snúið höfði sínu um 90 gráður. Hann gefst upp og lítur aftur á konu sína með augnaráði sem rúmar alla heimsins sorg og reiði.

»Fyrirgefðu,« umlar hann hásri röddu.

Hún hafði ekki skilið hvað stóri maðurinn átti við. Hún skilur það ekki enn. Nokkur andartök er eins og allt í kringum hana stöðvist. Eina hljóðið er andardráttur mannsins hennar og gnauðið frá vindinum sem leikur um greinar trjána í garðinum.

Garðurinn. Tilfinningin af votu grasinu undir fótum hennar er enn með henni. Tilfinningin um sumar og gleði. Þetta er bara martröð, hugsar hún. Þú vaknar bráðum.

En þá grípur stóri maðurinn báðum höndum um rörið eins og það sé samúræjasverð og henni finnst sem ískaldur vindur feyki von hennar á brott. Allt í einu veit hún að þetta er ekki martröð heldur veruleiki, og að þau munu bæði deyja.

Hún öskrar en öskrið kafnar inni í munni hennar á bak við límbandið.

Maðurinn tekur sér gleiða stöðu og beygir sig aðeins í hnjánnum. Nokkrum sinnum setur hann rörið fram og til baka

til að tryggja að hann slái ekki vindhögg. Svo sér hún hann miða vandlega, draga djúpt andann og spenna kröftuga vöðva sína.

Og höggva.

Hún sveiflar höfði sínu í örvæntingu til hliðar til að sleppa við sjónina. Kreistir saman augun. En hún getur ekki varist því að hljóðið, sem í senn er brot- og skvamkennt frá hausnúpu sem klotnar eins og ofþroskuð vatnsmelóna, þröngvi sér inn í vitund hennar og taki sér þar bólfestu.

23. desember

1

Fyrstu tólf tónarnir af »Smoke on the Water« skila sér vandræðalaust í gegnum hávaðann frá mannskaranam. Niels Kristiansen stífnar og lítur á Signe, konu sína, með augnaráði sem ber með sér bælda vanþóknun. Hún kýs að leiða hjá sér heimsins þekktasta rokkstef og símann í kápuvasanum. Eftir tíu sekúndur þagnar Deep Purple, hún andar léttar og brosir dauft til mannsins síns.

Hjónin og börnin þeirra tvö, Lasse 11 ára og Anne 13 ára, eru í IKEA. Stað sem Signe Kristiansen þolir illa, svo vægt sé til orða tekið.

Það eru ekki húsgögnin og eldhúsahöldin. Og heldur ekki smellurammarnir, rúllugardínurnar og geymslukassarnir – hún hefur ekkert á móti þeim, og í raun og veru er henni alveg sama um hönnun. Í hennar huga er stóll, sem hægt er að sitja nokkurn veginn almennilega á og kostar ekki of mikið, góður stóll.

Óþægindin stafa af öllu hinu. Meðal annars því að henni tekst aldrei að rata. Hún virðist alltaf enda í deildinni þar sem seld eru pálmatré og ilmkerti, sama hverju hún leitar að.

En mest af öllu er það þetta ruglingslega vöfundarhús, sem hún þolir ekki, því að það veldur henni innilokunarkennd. Þessi óskiljanlegi fólksfjöldi sem færir áfram á undarlega litlum hraða eins og svín á leið til slátrunar. Og afgreiðslukassarnir þar sem hún lendir alltaf í sömu röð og fólkið úr norðvesturbænum með húðflúr, hvar sem sést í bert hold, og þrjár fullfermdar innkaupakerrur í eftirdragi.

Og úr því að hún er hérna, og það á Þorláksmessu af öllum dögum, þýðir það bara eitt: bankareikningur fjölskyldunnar er í stórum mínus. Hún vinnur allt, allt of mikið og er fyrir löngu

hætt að halda bókhald yfir alla frídagana sem hún á inni. Og Niels er fyrir löngu hættur að spyrja um það.

Þegar hann stakk upp á IKEA-ferð daginn áður – »Okkur vantar sturtuhengi, jólapappír og kort til að setja á pakkana« – reyndi hún að mótmæla. Máttlaust og vonlaust. Hún þekkir tapaðan málstað þegar hann blasir við henni.

En svo tekur hún eftir því að hér, í fataskápadeildinni, gerist samt eitthvað. Lasse og Anne ræða spennt sína á milli um hvort þau eigi að fá sér tíu kjötbollur með kartöflumús og rjómasósu eða tvö fiskflök með frönskum og remúlaði í kaffiteríunni. Niels opnar hverja hurðina á fætur annarri í risastórri skápasamstæðu og rymur í viðurkenningarskyni. Það slaknar á einhverju í öxlunum og hnakkanum og hún áttar sig á því sér til mikillar undrunar að hún stendur í miðri IKEA og brosir aðeins. Af gleði yfir fjölskyldu sinni. Yfir því að það eru jól og þau ætla að vera saman. Og aðallega yfir því að hún á ekki að mæta aftur fyrir en 2. janúar, ólýsanlega langt inni í framtíðinni.

Eftir hálfa mínútu byrjar síminn aftur. Púlsinn hækkar. Hún heldur út í fimm sekúndur. Svo snýr hún sér frá manninum sínum. Þegar hún sækir símann í kápuvasann finnur hún fyrir augnaráði hans á milli herðablaðanna og heyrir hann hvísla:

»Andskotinn sjálfur, Signe ...«

»Stjórinn«, stendur á skjánum. Erik Merlin aðstoðaryfir-lögregluþjónn hefur verið yfir morðdeild Kaupmannahafnarlögrelunnar í fjögur ár. Sjálfur leggur hann áherslu á að titill hans sé »yfirmaður ofbeldisglæpadeildar«, en í rauninni tekur eiginlega enginn mark á því og allir kalla hann »yfirmann morðdeildar«. Eða, eins og Signe, bara stjórann.

Hann veit alveg að hún er í fríi í dag þannig að þetta hlýtur að vera mikilvægt. Eitthvað sem mun kosta hana á heimavígstöðvunum. Kynlíf til að bæta fyrir, allsherjarhreingerning á baðherberginu, eða eitthvað annað stórt. Hún veit þetta áður en hún ber símann upp að eyra sínu.

Hún hlustar í tíu sekúndur. »Ég verð komin eftir –« segir hún og áður en hún nær að ljúka setningunni leggur hann á.

Hún snýr sér við. Niels gerir í því að rykkja upp skúffum og körfum í fataskápnum. Hún gengur til hans og hristir höfuðið afsakandi.

»Þetta var Merlin. Ég verð að ... þetta er alvarlegt. Stór sprenging á Nytorv ...«

»Á Nytorv?« Niels hrukkar ennið og teygir sig eftir hönd hennar. »Er það ekki þar ... er ekki jólamarkaðurinn þar?«

Í nokkur andartök er hugur Signe tómur. Svo finnur hún heitan klump myndast í maganum. Hitinn seytlar út í handleggi hennar og fótleggi og hjartað hamast. Hún rífur höndina til sín og ber hana upp að munni sínum. Reynir að segja eitthvað en kemur ekki upp orði. Lisa og Jakob, litla systir hennar og mágur, og litlu börnin þeirra tvö. Þau ætluðu þangað. Allt í einu verður henni svo óglatt að munnurinn fyllist af munnvatni og hún kyngir án afláts til að komast hjá því að kasta upp. Þau ætluðu á jólamarkaðinn fyrir hádegi og koma svo í mat til þeirra í kvöld.

Heili hennar skiptir algerlega um tíðni, er í einhvers konar áfallalosti, og eitt andartak hugsar hún um kvöldmatinn, pott-rétt sem stendur og mallar á eldavélinni í eldhúsinu heima í Vanløse. Lækkaði hún hitann áður en þau fóru? Svo hellist hryllingurinn aftur yfir hana af fullum krafti.

»Hringdu í hana,« segir Niels.

Hún þrífur símann úr vasanum. Hún er svo skjálfhent að hún hittir ekki á takkana. Hjálparvana réttir hún manni sínum símann. Hann kallar fram númer Lísu og réttir henni hann aftur.

Hringitónn. Þrisvar. Svo »Í augnablikinu næst ekki samband við farsímann.« Hún reynir aftur. Sama niðurstaða. Hún nær varla andanum.

»Róleg Signe, róleg.« Niels tekur um axlir hennar og leiðir hana að háum kolli sem er við eina af tölvustöðvum afgreiðslufólksins. Hún sest og berst við grátinn.

»Hvað er að mömmu?« Anne og Lasse eru komin og stara nú á foreldra sína.

»Ekkert,« segir Niels. »Ekki neitt. En það gerðist svolítið alvarlegt niðri í bæ og mamma verður ... við skulum ...«

Hann snýr sér að Signe.

»Netið er náttúrulega sprungið núna,« segir hann lágri röddu. »Þess vegna nærðu ekki í gegn.«

Hún kinkar kolli. Dregur djúpt andann. Hún verður að ná stjórn á sér. Hún er enn með klumpinn í maganum en smám saman nær vinstra heilahvelið yfirhöndinni og valdi á líkama hennar og hreyfingum.

»Ég verð að fara í vinnuna,« segir hún. »Ég tek bílinn þannig að þið verðið að ...«

Niels kinkar kolli.

»Ekkert mál. Við tökum leigubíl heim.«

Hann horfir vandlega á hana.

»Ert þú ...?«

»Já,« segir hún og kyssir hann snöggt á munninn. Kyssir líka börnin. »Við sjáumst, krakkar. Verið þið góð.«

Hún hleypur af stað. Verður að stilla sig til að öskra ekki á alla, sem eru fyrir henni, að drulla sér frá til að hún komist í gegn og á einhvern undraverðan hátt tekst henni að finna beina leið að útganginum. Í bílnum dregur hún nokkrum sinnum djúpt andann og reynir að sópa óttanum til hliðar, vera skynsöm og einbeita sér að því sem hún þarf að gera.

Þessi 42 ára gamla kona er lögregluvarðstjóri, og hún er við toppinn á píramídanum í símadejgunni – »streymis-módelinu«, eins og það er kallað. Það er aðeins virkjað í undantekningartilfellum, þegar eitthvað mjög alvarlegt kemur upp. Eins og núna. Hún á að hringja í þrjá starfsfélaga og fyrir eitthvert kraftaverk tekst henni að ná í tvo þeirra. Báðir höfðu þegar heyrt af sprengingunni og eru á leiðinni. Þann þriðja verður hún að ná í síðar. Ef hann lætur þá ekki sjá sig sjálfur að fyrra bragði.

Hún hringir aftur í númer systur sinnar en nær ekki sambandi. Grípur um stýrið og kreistir svo fast að hnúarnir hvítna og verða eins og krít á litinn. Svo lemur hún krepptum hnefa sínum

fast í lærið og kveinkar sér undan. Kveikir á TV 2 fréttum í símanum og setur hann lárétt upp við mælaborðið framan við stýrið og hristir hausinn yfir sjálfri sér. Hún verður að fara að láta verða af því að kaupa sér símastand og handfrjálstan búnað. Á skjánum birtist óttaslegin og nokkuð úfin fréttakona sem berst við að ná utan um fréttina og koma henni til skila þótt hún viti í raun nánast ekkert hvað gerðist. Stór sprenging varð á Nytorv í miðborg Kaupmannahafnar les fréttapulurinn úr tísti frá Kaupmannahafnarlögreglunni og endurtekur í sífellu. Lögregla og björgunarfólk eru á staðnum og uppfærslur munu birtast á Twitter eftir því sem fram vindur.

Þetta er það sem nú er vitað.

Fyrir utan lögreglu-, sjúkra- og slökkviliðsbíla, sem aka á miklum hraða með ljósum og sírenum í átt að miðborginni, er umferðin ótrúlega venjuleg. Síminn hringir og hjarta hennar tekur kipp. En aftur er það Erik Merlin. Hún tekur símtækið og klemmir það milli vinstra eyra og axlar sinnar.

»Stjóri.«

»Hvað er langt í þig?«

»Svona tíu mínútur. Kannski minna.«

»Signe, flýttu þér. Þetta er slæmt.«

Ógleðin kemur á ný. Hún beygir inn á bensínstöð við Vesterport, situr kyrr í nokkrar sekúndur og reynir aftur að ná stjórn á sér. Svo stígur hún út úr bílnum og fer inn í búðina. Þetta verður langur dagur. Og líkast til líka kvöld og nótt. Hún kaupir tyggjó, lakkrístöflur, enskt vínhlaup og flösku af ávaxtasafa með engifer, eplum og jarðarberjum. Og lítra af mjólk. Úr kaffivélunum á lögreglustöðinni kemur eitthvað ótrúlegt sull sem á ekkert nema litinn sameiginlegan með góðu kaffi og eina leiðin fyrir hana að koma því niður er að þynna vel út með mjólk.

Við Aðalstarstöðina mætir hún fleiri bílum í útkalli með sírenur og blikkandi ljós á leið inn í gamla bæinn og hún verður að beita sig hörku til að beygja ekki til vinstri og aka á eftir þeim í átt að Nytorv til að leita að litlu systur sinni.

Hún leggur bílnum hálfum uppi á gangstétt milli tveggja bíla, þar sem í raun er ekkert pláss til að leggja, í götu á bak við Höggmyndasafnið, drepur á vélinni og dregur djúpt andann.

Fjöldi þyrta er á sveimi yfir Kaupmannahöfn. Hún flýtir sér að lögreglustöðinni, notar starfsmannakortið til að opna dyrnar við innganginn og hálf hleypur upp hringlaga tröppurnar. Innan við þrjú korter eru síðan fyrst bárust tilkynningar um sprenginguna. Gangar lögreglustöðvarinnar eru nú þegar fullir af lögregluþjónum, einkennis- og óeinkennisklæddum. Uppi á þriðju hæð rekst hún á Erik Merlin á göngunum.

»Komdu inn á KSN þegar þú ert búin að ná þér í kaffibolla,« rymur í stjóranum og hann heldur áfram för sinni að stjórnstöðinni.

Signe fer inn á snyrtinguna, læsir hurðinni og sest á klósettið. Hringir aftur í númer systur sinnar.

»Í augnablikinu næst ekki ...«

Hún grípur um andlit sitt.

»Góði guð ...« kjökrar hún og tárin renna niður kinnarnar.